

Nd.

**70. Frumvarp til laga**

[40. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Orðin „á árinu“ í 21. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir

Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að útsvör hafi eigi verið álögð í Ólafsvíkurbreppi á árinu 1959, en hreppurinn geti eigi verið án þeirra tekna. Skýr ákvæði séu ekki í gildandi lögum, sem heimili ráðuneytinu, nú eftir árslok, að veita samþykki til álagningar útsvara fyrir árið 1959. Brýna nauðsyn beri því til að breyta ákvæðum 21. gr. útsvarslaga þannig, að heimild ráðuneytisins til þess að samþykkja niðurlögn útsvara, sem farizt hefur fyrir á lögmæltum tíma, nái einnig til útsvarsálagningar, þó að hún fari eigi fram fyrr en eftir árslok.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Orðin „á árinu“ í 21. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Emil Jónsson.